

Fundargerð

204. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 4. des. 2018 kl. 11.00 á Húsavík

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð**
2. **Aðgerðaráætlun til að lagmarka svifryk í Akureyrarbæ, kynning**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti starf vinnuhóps sem hefur að markmiði að vinna aðgerðaráætlun til að lagmarka svifryk í Akureyrarbæ. Í hópnum eru fulltrúar Akureyrarbæjar, Vegagerðar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Áhersluatriði snúa að því að minnka notkun jarðefna til hálkuvana, hreinsa betur götur, kanna möguleika á notkun á saltþækli og salti til hálkuvana og einnig að kanna möguleika á notkun rykbindiefna og að nota sjó til að bleyta í þurrum götum. Ýmiss önnur atriði eru til skoðunar, s.s. að bæta vöktun og grípa fyrir inn í atburðarrásina þegar erfið veðurfarsskilyrði eru fyrirsjáanleg. Sýni hafa verið tekin af vegryki til greiningar og einnig er fyrirhugað að rannsaka nánar mulning sem er í notkun.

3. **Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, kynning**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti nýlega reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit þar sem gert er ráð fyrir ítarlegu auglýsingaferli á umsóknnum, skilyrðum og afgreiðslu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi. Síðar er gert ráð fyrir annari reglugerð sem skilgreinir minni og miðlungsstóra starfsemi sem verður skráningarskyld í miðlægan gagnabanka og ekki háð starfsleyfi.

4. **Samstarf Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um samræmda skráningu matvælaeftirlits, stöðulýsing**

Oddgeir Sigurjónsson heilbrigðisfulltrúi skýrði frá stöðu mála og lýsti samstarfi við Matvælastofnun og önnur heilbrigðiseftirlitssvæði um aðlögun og notkun á gagnagrunni Matvælastofnunar (Ísleyfur) og sýndi dæmi um slíka skýrslugerð. Notkun á gagnagrunninum Ísleyfi til skráningar á matvælaeftirliti gefur færi á auknu samræmi í framkvæmd eftirlits og gefur einnig færi á að koma á framfæri leiðbeiningu og upplýsingu um matvælalöggjöfina til fyrirtækja og ábyrgðarmanna.

Umsagnir:

1. **Lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og deiliskipulagi Kröfluvirkjunar**
2. **Tillaga á breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna nýrra efnistökusvæða**
3. **Deiliskipulag þéttbýliskjarna í Aðaldal**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1, 2 og 3 og svaraði fyrirspurnum heilbrigðisnefndar um einstök atriði.

4. **Hólasandslína 3, 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi, umsögn um frummatsskýrslu .**
5. **Torfur, Eyjafjarðarsveit, svínabú, umsögn vegna skipulags- og matslýsingar**
6. **Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 4,5 og 6 og svaraði fyrirspurnum heilbrigðisnefndar um einstök atriði.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Gistiheimilið Lyngholt kt. 530606-1630, rekstur Söluskála N1 Fjarðavegi 2. Þórshöfn. Breyting á rekstraraðila. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Skútustaðahreppur. Flutningur og losun á svartvatni/seyru á Hólasand. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Ferðapjónustan Brekka, kt. 480909-0970, Brekku Þingeyjarsveit. Endurnýjun
4. Elísa Rún Gunnlaugsdóttir kt. 030697-2949, hárgreiðslustofan SÍ litö, Sandskeiði 22, 620 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Listasafnið á Akureyri, kt. 410169-6229, Kaupvangsstræti 8-12, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Escape Akureyri, kt. 180887-4239, leikjasalur, Gránufélagsgata 4, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Vesturkantur ehf, kt. 541008-0630, gististaður að Strandgötu 29, 600 Akureyri, undir nafninu šHrímland Apartmentö. **Samþykkt til 12 ára.**
8. DentAk ehf, Skessugili 18-101, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir tannsmíði. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Að loknum fundi var gengið að jólahlaðborði á Hótel Húsavík og síðan farið í skoðunarferð í Jarðböðin á Húsavík

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Anna Rósa Magnúsdóttir

Þorkell Björnsson

Lilja Guðnadóttir

Þórey Agnarsdóttir

Guðmundur Smári Gunnarsson

Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Kristín Halldórsdóttir

Jón Torfi Halldórsson